

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 5 ha. Breytingin er gerð til að heimila gistingu, tjaldsvæði og frístundahús. Breytingin er í samræmi við Landsskipulagsstefnu en þar segir að „Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðapjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðapjónustu.“ Breytingin er einnig í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi þar sem áhersla er á að efla ferðapjónustu og eftir atvikum samþætta landbúnaði. Breytingin er einnig í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi og fjólgar gistirýmum í Suðursveit þar sem framboð hefur ekki annað eftirspurn en þar eru skráð 307 gistirými og ekkert tjaldsvæði. Tekið skal fram að fjarlægðir eru miklar innan sveitarfélags og því mikilvægt að hvert svæði fyrir sig annað eftirspurn. Ekki er tekið fram varðandi heildarfjölda á tjaldsvæðum eða hvernig skipting verður milli einstakra gistirýma.

Staðhættir og aðkoma

Borgarhöfn Nýibær er lögbýli með fastri búsetu á býlinu. Á jörðinni er einbýli, fjós, fjárhús og hlöður. Landinu er skipt úr landi Borgarhafnar. Skráð ræktarland er 17,4ha. Aðkoma er um Borgarhafnarveg.

Minjar

Fornminjar eru á svæðinu og hafa verið skráðar við vinnslu deiliskipulags. og skal gGerað er nánari grein fyrir þeim og sýna á deiliskipulagsupprætti deiliskipulagi. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Hættumat

Við gerð deiliskipulags skal, þar sem þess er talin þörf, hafa samráð við Veðurstofu Íslands um viðmiðunarreglur og hvort nauðsynlegt sé að vinna staðbundið hættumat á svæðinu.

Veitur

Við gerð deiliskipulags skal sérstaklega horft til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Breyting á upprætti

Breyting er gerð á skipulagsupprætti Suðursveit - Mýrar. Fært hefur verið inn á upprátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.

Breyting í greinargerð


Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 45	Borgarhöfn Neðribær. Úr landi Borgarhafnar. Ferðapjónusta, tjaldsvæði, gisting og greiðasala. Allt að 75 gistirými. Frístundahús, 4 hús. Hringtákn ~ 5ha, þar af tjaldsvæði allt að 3 ha fyrir allt að 300 gesti.


Umhverfisskýrsla

VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR – ÓBREYTT ÁSTAND	VALINN KOSTUR – VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
Jarðmyndanir og náttúruminjasvæði	Óveruleg áhrif – engar frekari framkvæmdir	Óveruleg áhrif – Svæðið er ekki á náttúruminjasrá og þar er ekki sérstök vernd náttúru fyrirbæra.
Gróður og dýralíf	Óveruleg áhrif – Svæðið verður áfram notað til ræktunar.	Óveruleg áhrif – Svæðið er allt ræktað, framræt land og breytingin er aftar kraf að hluta.
Fornleifar	Neikvæð áhrif – Skógrækt ógnar fornleifum.	Óviss áhrif – Við gerð deiliskipulags skal gera grein fyrir fornleifum og setja skilmála um rannsóknir og leyfi ef fornleifar reynast í hættu.
Ásýnd og landslag	Óviss áhrif – svæðið mun taka miklum breytingum vegna skógræktar.	Óveruleg áhrif – Nýjar byggingar taka mið af umhverfi og mun skógrækt minnka ásýndaráhrif þeirra.
Samfélag	Óveruleg áhrif – störf á svæðinu verða áfram að mestu tengd landbúnaði.	Jákvæð áhrif – Með framkvæmdinni er aukið ferðapjónustu sem styrkir byggð, eykur tekjur og skapar fjölbreytt störf beint og afleidd.
Heilsa og öryggi	Óveruleg áhrif – umsvif umferðar verður að mestu óbreytt.	Óveruleg áhrif – Aukin umferð verður um afleggjarann að Borgarhöfn en þar er góð vegsýn. Engin aukin umferð verður framhjá íbúðarhúsum og því mjög takmörkuð áhrif á aðra byggð.

Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif Óveruleg áhrif Óviss áhrif



Fyrir breytingu, mkv: 1.50.000



Eftir breytingu, mkv: 1.50.000



Hluti af sveitarfélagsupprætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólreiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Búsetuninjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fomleifalista
- Minjavernd [mv]
- Verslun og þjónusta [VP]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Skógræktar og landgræðslusvæði [sl.]
- Óbyggð svæði [oa]
- Vötn, ár og sjór [v]
- Önnur náttúruvernd [on] númer vísar til skráningar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd: þann _____ 2021

Bæjarstjórn: þann 10. febrúar 2022 2021

Tillagan var auglýst frá _____ til _____ 2021

Matthildur Ásm.
(undirskrift)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstjórnun í samræmi við 32.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 4. maí 2022

Adriana
AÐALSKIPULAG Borgarhöfn 2-3 Neðribær í Suðursveit

Skipulagsáætlun dagn 2825-020	Mælikvæði 1:50.000	Bliðastærð A3	Teknað AB
Úmóttir Sveitarfélagið Hornafjörður	Dagur 06.01.201	Rýnt	ÁJ